ÞINGSKJAL NR. 24

# SKRÁNINGARKERFI FYRIR ÍÞRÓTTAHREYFINGUNA

## TILLAGA FRÁ HSK

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að UMFÍ, í samstarfi við ÍSÍ, skoði möguleikana á að, bjóða öllum íþróttafélögum, innan sinna vébanda, upp á samræmt skráningarkerfi iðkenda, án endurgjalds.

**Greinargerð:**

Í dag er skilakerfi starfsskýrslna, aðildarfélaga íþróttahreyfingarinnar, samræmt í einu kerfi. Á markaðnum eru fleiri en einn aðili sem bjóða uppá skráningarkerfi fyrir iðkendur íþróttafélaga. Í dag er aðgangur að þessum kerfum bundinn samningi milli íþróttafélaga og viðkomandi fyrirtækja sem reka þessi kerfi. Aðgangur að þeim er dýr og mörg félög sem ráða ekki við eða sjá ekki hag sinn í að taka kerfin upp til iðkendaskráningar. Með því að forysta hreyfingarinnar semji um aðgang að þessum kerfum fyrir alla hreyfinguna, mun örugglega nást fram mikill sparnaður og mun meiri áreiðanleiki í starfsskýrsluskilum og öllu utanumhaldi um íþróttaiðkun á Íslandi.

**Vísað til:**